



## FUNDARBOÐ

Hluthafafundur FÍ fasteignafélags slhf., kt. 571212-0210, verður haldinn að Ármúla 13A, 108 Reykjavík, kl. 9:00, þann 29. október 2014.

**Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi liðir:**

1. Ákvörðun um tillögu stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins.
2. Ef tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins verður samþykkt, skal jafnframt:
  - a. Kjósa nýja stjórn og varastjórn félagsins.
  - b. Kjósa ráðsmenn fjárfestingaráðs og varamenn þeirra.
  - c. Ákvarða þóknun til stjórnar félagsins.
  - d. Ákvarða þóknun til ráðsmanna fjárfestingaráðs.
3. Önnur mál.

### **Tillaga um breyttar samþykktir félagsins**

Með bréfi dagsettu 23. apríl 2014 sendi stjórn FÍ fasteignafélags slhf. hluthöfum félagsins bréf þar sem tillögur að breytingum á samþykktum félagsins voru kynntar. Voru hluthafa upplýstir um að þessar breytingar yrðu til umræðu á aðalfundi félagsins þann 30. apríl 2014.

Fyrrgreindar tillögur voru þrjúþættar:

1. Í fyrsta lagi að ákvæði 16.1 í samþykktum félagsins myndi kveða efnislega á um að stjórn félagsins yrði skipuð þremur til fimm stjórnarmönnum og tveimur til vara. Ábyrgðaraðili félagsins myndi tilnefna alla stjórnarmenn á aðalfundi félagsins en aðalfundur væri óbundinn af tilnefningunni með þeirri undantekningu að ábyrgðaraðili skyldi ávallt vera heimilt að tilnefna a.m.k. einn stjórnarmann í stjórn félagsins.
2. Í öðru lagi að stofnað yrði sérstakt fjárfestingaráð og kveðið yrði á um stafsemi þess í sérstökum kafla í samþykktum félagsins.
3. Í þriðja lagi að vegna ábendingar frá skattayfirvöldum yrði ákvæði 22 í samþykktum félagsins breytt þannig að kveðið væri á um að ábyrgðaraðili gegndi hlutverki framkvæmdastjóra félagsins.

Á aðalfundi félagsins var fjallað um fyrrgreindar tillögur undir dagskrárliðnum önnur mál. Hluthafar voru fylgjandi þessum breytingum og var stjórn félagsins falið að móta nánari útfærslur og endanlegar tillögur um þessar breytingar og boða svo til framhaldsfundar.

Í viðauka 1 við þetta fundarboð er að finna tillögur stjórnar félagsins um breytingar (i) samþykktum félagsins, (ii) skilmálum félagsins (iii) þóknun stjórnarmanna og



ráðsmanna fjárfestingaráðs. Hluthöfum félagsins er bent á að endanlegar tillögur stjórnar félagsins eru í samræmi við þær tillögur sem kynntar voru fyrir hluthöfum félagsins í fyrrgreindu bréfi.

Þá er vakin athygli á því að ákvörðun hluthafafundar um fyrrgreindar breytingar á samþykktum félagsins og skilmálum þess er aðeins gild ef hún hlýtur samþykki (i) hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 heildarhlutafjár í félaginu og (ii) samþykki ábyrgðaraðila félagsins.

Dagskrá og endanlegar tillögur munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis 7 dögum fyrir hluthafafund.

Til þess að tillögur frá hluthöfum sem leggja á fyrir á fundinum verða teknar þar til umræðu verður að skila þeim til stjórnar félagsins með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í (i) stjórn eða (ii) fjárfestingaráði skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar. Í tilkynningu um framboð til stjórnar eða fjárfestingaráðs skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar munu liggja frammi hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, að Amtmannsstíg 1, 101 Reykjavík, eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafundinn, sbr. 63. gr. a laga um hlutafélög nr. 2/1995. Á heimasíðu félagsins, [www.fifasteignir.is](http://www.fifasteignir.is), verður að finna allar frekari upplýsingar í tengslum við hluthafafundinn, þ.m.t. rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar, drög að dagskrá fundarins, tillögur stjórnar félagsins, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæðafjölda í félaginu, auk upplýsinga um skjöl sem lögð verða fyrir fundinn.

Umboðsmenn hluthafa skulu framvísa skriflegum umboðum við inngang. Notast verður við skriflega kosningu. Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundardaginn frá kl. 8:00 á fundarstað.

Reykjavík, 14. október 2014

F.h. stjórnar FÍ fasteignafélags slhf.

  
Brynjólfur J. Baldursson, formaður